



Seyðisfjarðarkaupstaður

Greinagerð með fjárhagsáætlun 2020 - 2023

Efnisyfirlit

Seyðisfjarðarkaupstaður.....	1
Almennt	4
Viðmið fjárhagsáætlunar	4
Tekjuforsendur	5
Útgjaldaforsendur	5
Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2020.....	5
00 Skatttekjur.....	6
Útsvar.....	6
Jöfnunarsjóður	6
Fasteignagjöld.....	6
Gjaldskrár	6
02 Félagsþjónusta	7
03 Heilbrigðismál.....	7
04 Fræðslu- og uppeldismál.....	7
05 Menningarmál	8
06 Æskulýðs- og íþróttamál.....	8
07 Brunamál og almannavarnir	8
08 Hreinlætismál	8
09 Skipulags og byggingamál	8
10 Umferðar og samgöngumál	9
11 Umhverfismál.....	9
13 Atvinnumál	9
21 Sameiginlegur kostnaður	9
22 Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	9
28 Fjármagnsliðir.....	9
31 Eignasjóður	10
41 Hafnarsjóður.....	11
43 Vatnsveita.....	11
55 Leigueignir.....	11
57 Félagslegar íbúðir.....	11
61 Fráveita.....	11

Eignasjóður	12
Framkvæmdir og fjárfestingar 2020	12
Hafnarsjóður	13
Vatnsveita	13
Fjármögnun	14
Þriggja ára áætlun	14
10 ára áætlun	15

Almennt

Eins og lög gera ráð fyrir er samhliða fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram þriggja ára áætlun fyrir árin 2021 til 2023. Undirbúningur og vinna við gerð fjárhagsáætlunar hófst síðastliðið vor með samþykkt og úthlutun fjárhagsramma sem er grunnur að þeirri tillögu að fjárhagsáætlun sem hér er lögð fram. Fjárhagsáætlunin hefur verið unnin eftir tímasettri áætlun og römmum um fjárheimildir sem byggja á þriggja ára áætlun 2020 til 2022. Forstöðumenn og starfsfólk áttu fundi við bæjarráð og bæjarstjóra við undirbúning fjárhagsáætlunar, þar komu fram upplýsingar um helstu áhersluatriði og þörf í rekstri, viðhaldi og nýframkvæmdum. Nefndir hafa komið að undirbúningi við fjárhagsáætlun eftir föngum og beint tillögum til bæjarráðs til úrvinnslu við fjárhagsgerðina.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2021-2023 er lögð fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. Í A-hluta eru aðalsjóður, eignasjóður og áhaldahús. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka sem fjármagnaðir eru með skatttekjum, framlögum úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga og þjónustutekjum. Eignasjóður fer með rekstur, viðhald, endurbætur og framkvæmdir fasteigna á vegum A-hluta og gatna- og vegamál. Í B-hluta eru: Hafnarsjóður, Vatsnveita, Leigueignir, Félagslegar íbúðir og Fráveita. Þessir sjóðir og/eða fyrirtæki starfa á grunni þjónustutekna og/eða álagningar í samræmi við lög um tekjustofna sveitarfélaga.

Tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 og þriggja ára áætlun 2021 til 2023 var samþykkt á fundi bæjarráðs mánudaginn 11 nóvember síðastliðinn til fyrri umræðu í bæjarstjórn. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal tillaga að fjárhagsáætlun vera samþykkt eftir síðari umræðu í sveitarstjórn fyrir 15. desember ár hvert.

Viðmið fjárhagsáætlunar

Helstu viðmið um afkomu og fjárhagsstöðu Seyðisfjarðarkaupstaðar eru:

1. Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.
2. Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.
3. Framlegð rekstrar (niðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði) sé á bilinu 14–21%.
4. Veltufé frá rekstri sé ekki lægri fjárhæð en sem nemur afborgunum og vöxtum af langtímalánum.

Samantekt á helstu viðmiðum um afkomu og fjárhagsstöðu Seyðisfjarðarkaupstaðar viðkomandi niðurstöðu fjárhagsáætlunar 2020.

1. Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum. Samkvæmt fjárhagsáætlun er samanlagður rekstur árána 2020-2023 í A-hluta jákvæður sem nemur 23,1 milljónum króna og niðurstaða samstæðunnar jákvæð um 108,0 milljónir króna.
2. Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum. Samkvæmt áætluninni mun skuldaviðmið samstæðunnar í

- reikningsskilum um áramót 2019 verða 77,3% og í lok árs 2020 verður hlutfallið 76,1% en var í árslok 2018 79,8%.
3. Framlegð rekstrar (niðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði) sé á bilinu 14–21%. Samkvæmt niðurstöðu fjárhagsáætlunarinnar verður EBITDA framlegð samstæðunnar árið 2020 17,4% og hækkar því frá útkomuspá ársins 2019 úr 15,5%.
 4. Veltufé frá rekstri sé ekki lægri fjárhæð en sem nemur afborgunum og vöxtum af langtímalánum. Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 verður veltufé frá rekstri samstæðunnar 183,1 milljónir króna. Afborganir langtímalána nema hins vegar um 98,8 milljónum króna.

Tekjuforsendur

Reiknað er með að íbúafjöldi breytist lítið á árinu 2020. Íbúafjöldi stendur nánast í stað frá árinu 2019. Gert er ráð fyrir að atvinnuástand verði sambærilegt og á árinu 2019 en atvinnustig er svipað og árið 2018. Skortur er á starfsfólki í einstaka greinum. Helst má rekja það til aukinna umsvifa í ferðapjónustu og í einhverjum tilfellum má rekja það til skorts á húsnæði. Tekið er tillit til áhrifa kjarasamninga á tekjur en óvissa er varðandi niðurstöður yfirvofandi kjaraviðræðna og áhrifa þeirra. Tekið er mið af útreikningum frá Hag- og upplýsingasviði Sambands Íslenskra sveitarfélaga og áætlunum jöfnunarsjóðs varðandi framlög frá honum. Tekið er inn í útreikninga breytingar á fasteignagjaldstofni og miðað við að fasteignamat fyrir árið 2020 er 6,65% hærra en fyrir árið 2019 og að lóðamat hækki um 2,8% milli ára. Gert er ráð fyrir öðrum tekjum áætlunarinnar á forsendum samninga, þjónustugjalda og miðað við selt magn þjónustu.

Útgjaldaforsendur

Tekið er mið af verðbólguþáttum Hagstofu Íslands. Jafnframt eru hafðir til hliðsjónar útreikningar frá Hag- og upplýsingasviði Sambands Íslenskra sveitarfélaga, upplýsingar frá Seðlabanka Íslands og greiningardeildum banka. Tekið er mið af launahækkunum samkvæmt kjarasamningum og spá um þróun launavísitölu. Miðað er við að yfirvinna verði takmörkuð eins og kostur er. Einnig er minnt hér á fyrrgreindan fyrirvara um stöðu kjarasamninga. Aðhalds verði áfram gætt í kaupum á vörum og þjónustu eins og verið hefur. Framlög og styrkir verða að mestu óbreytt miðað við yfirstandandi ár.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2020

Fjárhagsáætlun Seyðisfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2020, þriggja ára áætlun 2021 til 2023 og 10 ára áætlun, það er áætlun sem sýnir hvernig viðmiðum í 2. tl. 2. mgr. 64. gr. sveitastjórnarlaga verður náð eru hér lagðar fram fyrir fyrri umræðu. Í áætluninni er reiknað með að rekstrarniðurstaða A-hluti bæjarsjóðs verði jákvæð um 23,1 milljónir króna eftir fjármagnsliði árið 2020. Gert ráð fyrir að niðurstaða A og B hluta eftir fjármagnsliði verði jákvæð um 108,0 milljónir króna. Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri samstæðunnar verði um 183,1 milljónir króna. Þar af verði veltufé frá rekstri A-hluta 66,4 milljónir króna samanborið við 72,9 milljónir króna frá fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár eða lækkun sem nemur 6,5 milljónum króna. Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 verða þær breytingar á eignum samstæðunnar að þær hækka um um 125,3 milljónir króna. Um er að ræða áhrif af fjárfestingum og afskriftum, svo og af rekstri samstæðunnar. Eigið fé samstæðunnar fer samkvæmt áætluninni úr því að vera um 486,3

milljónir króna samkvæmt útkomuspá í að verða á árinu 2020 594,3 milljónir króna. Langtímaskuldir hækka úr 565,8 milljónum króna í 570,5 milljónir króna eða um 4,7 milljónir króna. Heildarskuldir og skuldbindingar samkvæmt fjárhagsáætlun 2020 nema 1.128 milljónum króna. Þróun lífeyrisskuldbindinga er nokkuð óhagstæð og nemur hækkun hennar frá árinu 2017 til ársloka 2020 63,4 milljónum króna þrátt fyrir vænta afborgun af henni uppá 47 milljón króna.

oo Skatttekjur

Í framlagðri tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir að skatttekjur, með framlögum úr Jöfnunarsjóði, nemi 686,0 milljónum króna samanborið við 665,5 milljónir króna í áætlun fyrir árið 2019. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að skatttekjur með tekjum úr jöfnunarsjóði hækki um 3%.

Útsvar

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir að útsvarsprósenta verði 14,52% sem er lögbundið hámark. Samkvæmt fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir að útsvarstekjur ársins 2020 nemi 414,5 milljónum króna samanborið við 392,2 milljónir króna í áætlun fyrir árið 2019. Tekjur af útsvari 2018 námu 374,4 milljónum króna.

Jöfnunarsjóður

Samkvæmt áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verða tekjur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árinu 2020 170,6 milljónir króna. Í áætlun fyrir árið 2019 var reiknað með að framlög jöfnunarsjóðs næmu 175,5 milljónum króna. Það er lækkun sem nemur 4,9 milljónum króna. Tekjur úr jöfnunarsjóði árið 2018 námu 168,7 milljónum króna.


Fasteignagjöld

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 er reiknað með að fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði (A) verði 0,5625% af fasteignamati húss og lóðar, hér er um að ræða lækkun úr 0,625% af íbúðarhúsnæði frá fyrri árum. Fasteignaskattur á opinberar húseignir í eigu ríkisins (B) er 1,32% af fasteignamati húss og lóðar. Fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði (C) er 1,65% af fasteignamati húss og lóðar. Gert er ráð fyrir að lóðarleiga verði 2%. Gert er ráð fyrir að holræsagjald verði 0,335% af stofni. Vatnsskattur vegna íbúðarhúsnæði (A) verði 0,320% og vatnsskattur vegna atvinnuhúsnæðis (B) verði 0,445%.

Gjaldskrár

Áhersla verði lögð á af hálfu bæjarráðs og hafnarmálaráðs að lágmarka hækkanir á gjaldskrá, horft verður til aðhalds hvað útgjöld varðar. Í tillögum um gjaldskrárbreytingar er öllu jöfnu miðað við að gjöld hækki um 2,5%. Tillögur um gjaldskrárbreytingar nú eru nokkuð mismunandi eftir gjaldskrá. Þær taka mið af útgjaldaaukningu og því að fyrri ákvarðanir hafa í einhverjum tilvikum verið full varfærnar. Gjaldskrá leikskóla hækkar ekkert, álag á fasteignaskatt á íbúðarhúsnæði lækkar um helming þannig að álagningastuðullinn lækkar úr 0,625% í 0,5625%. Aðgangskort í

Líkamsrækt íþróttahússins hækkar ekki á milli ára. Afslættir til nema, öryrkja og eldir borgara verði með áþekku sniði og árið 2019. Hundaleyfisgjöld lækka á milli ára.



Mynd 1. Skipting heildartekna samkvæmt rekstrarreikningi áætlunarinnar.

02 Félagsþjónusta

Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna félagsþjónustu verði í meginatriðum áþekkt og á yfirstandandi ári. Helstu breytingar milli ára vegna félagsþjónustu eru eftirfarandi. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna félagsmálastofnunar lækki sem nemur 0,2 milljón króna. Reiknað er með að þörf fyrir fjárhagsaðstoð aukist nokkuð umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsramma eða úr 1,5 milljónir króna í 2 milljón króna. Reiknað er með að heildarútgjöld málaflokksins 2020 að frádregnum tekjum nemi 35,7 milljónir króna. Í áætlun fyrir árið 2019 var gert ráð fyrir 36,1 milljónum króna. Í málaflokkinn fóru árið 2019 26,1 milljónir króna skv. útkomuspá ársins. Málaflokkurinn er innan fjárhagsramma.

03 Heilbrigðismál

Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna Heilbrigðismála hækki óverulega milli ára. Reiknað er með að heildarútgjöld málaflokksins 2020 að frádregnum tekjum nemi 1,5 milljónir króna. Í áætlun fyrir árið 2019 var gert ráð fyrir 1,4 milljónum króna. Í málaflokkinn fóru árið 2019 1,4 milljónir króna skv. útkomuspá ársins. Málaflokkurinn er innan fjárhagsramma.

04 Fræðslu- og uppeldismál

Í tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir að útgjöld til fræðslumála í heild nemi 317,0 milljónum króna samanborið við 295,1 milljónum króna í fjárhagsáætlun fyrir árið 2019. Útgjöld vegna fræðslumála námu 287,6 milljónum króna árið 2019 skv. útkomuspá ársins. Um er

að ræða útgjöld að frádregnum tekjum af innheimtum þjónustugjöldum og öðrum tekjum. Málaflokkurinn er í áætluninni með útkomu sem nemur 6,7 milljónum krónu umfram úthlutaðan fjárhagsramma sem ræðst af þróun launakostnaðar og starfsmannahaldi.

05 Menningarmál

Í áætluninni er reiknað með að útgjöld til menningarmála að frádregnum tekjum nemi 57,8 milljónum króna. Árið 2019 var gert ráð fyrir í áætlun 56,6 milljónum króna. Rekstur málaflokksins árið 2019 nam 57,7 milljón króna að frádregnum tekjum sem námu 27,8 milljónum króna skv. útkomuspá. Eins og áður er áætlað fyrir launum starfsmanna í sumarvinnu á deildir sem njóta starfskrafta þeirra. Á það við um Tækniminjasafnið, Skaffell og Kirkjubýggingar. Í tillögunni er áætlað fyrir tekjum og útgjöldum vegna LungA listahátíðar en miðað hefur verið við að reka hátíðina á grundvelli tekna sem tekst að afla til hennar og beinum framlögum kaupstaðarins í fjárhagsáætlun. Einnig er áætlað fyrir List í ljósi á grundvelli rekstraráætlunar fyrir viðburðinn. Miðstöð menningarfræða er áfram færð undir málafloknum þar sem framlög til hennar koma beint til kaupstaðarins af fjárlögum Alþingis, útgjöld greiðast síðan til umsjónaraðila í samræmi við ábyrgðaraðilasamning þar um sem verður endurskoðaður í lok árs. Rekstrarsamningur um félagsheimilið Herðubreið hefur verið endurnýjaður og gildir til tveggja ára. Framlag til rekstursins hækkar um kr. 167.667 á mánuði á milli ára.

06 Æskulýðs- og íþróttamál

Gert er ráð fyrir að útgjöld til íþróttar og æskulýðsmála að frádregnum tekjum nemi 65,3 milljónum króna. Í áætlun ársins 2019 var gert ráð fyrir að útgjöld næmu 64 milljón króna. Útgjöld vegna málaflokksins árið 2019 námu tæpum 64 milljónum króna.

07 Brunamál og almannavarnir

Áætluð útgjöld vegna bruna- og almannavarna nema 24,6 milljónum króna. Í áætlun ársins 2019 var gert ráð fyrir að útgjöld næmu 20,9 milljón króna. Útgjöld vegna rekstrar málaflokksins námu 20,9 milljónum króna árið 2019. Hækkun skýrist af endurnýjun búnaðar slökkviliðs og menntunar slökkviliðsmanna.

08 Hreinlætismál

Áætluð útgjöld vegna hreinlætismála nema 8,2 milljónum króna. Í áætlun ársins 2019 var gert ráð fyrir að útgjöld næmu 7,1 milljón króna. Útgjöld vegna rekstrar málaflokksins námu 15,1 milljónum króna árið 2019. Málaflokkurinn er utan fjárhagsramma.

09 Skipulags og byggingamál

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að útgjöld vegna skipulags og byggingarmála nemi 14,1 milljónum króna. Fyrir árið 2019 voru áætlaðar 21,1 milljónir króna. Stærsta einstaka breytingin liggur í verkefninu Verndarsvæði í byggð. Áætlaðar voru 4 milljónir til verkefnisins árið 2019 en ekki eru áætluð útgjöld til þess á árinu 2020. Málaflokkurinn er að framansögðu nokkuð innan ramma fjárhagsáætlunar.

10 Umferðar og samgöngumál

Gert er ráð fyrir að útgjöld til málaflokksins fyrir árið 2020 nemi 28,3 milljónir króna, samanborið við 24,6 milljónir króna fyrir árið 2019. Árið 2019 námu útgjöld 29,6 milljónum króna. Málaflokkurinn er aðeins umfram ramma fjárhagsáætlunar.

11 Umhverfismál

Reiknað er með að útgjöld til umhverfismála verði 18 milljónir króna. Í áætlun fyrir árið 2019 námu útgjöld til málaflokksins 19,6 milljónum króna. Niðurstaða ársins 2019 var 21,6 milljón króna.

13 Atvinnumál

Samkvæmt fjárhagsáætlun verða útgjöld vegna málaflokksins árið 2020 14,7 milljónir króna. Í áætlun fyrir árið 2019 var gert ráð fyrir 16,2 milljónum króna. Málaflokkurinn er innan ramma fjárhagsáætlunar.

21 Sameiginlegur kostnaður


Gert er ráð fyrir að sameiginlegur kostnaður nemi 67,8 milljónum króna árið 2020. Fyrir árið 2019 var áætlað að sameiginlegur kostnaður næmi 63,9 milljónum króna. Niðurstaðan 2019 nam 71,9 milljónum króna skv. útkomuspá. Helstu ástæður útgjalda ársins 2019 umfram fjárhagsáætlun eru vegna aðkeyprtar sérfræðipjónustu.

22 Breyting lífeyrisskuldbindinga

Reiknað er með að niðurstaða þessa málaflokks nemi 34,5 milljónum króna samanborið við 42,1 milljónir króna í áætlun fyrir árið 2019. Skv. útkomuspá ársins 2019 er áætlað að niðurstaða þessa málaflokks verði 32,1 milljónir króna. Árið 2018 nam breyting lífeyrisskuldbindingar 32,1 milljónum króna. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir gjaldfærðri og greiddri breytingu lífeyrisskuldbindinga.

28 Fjármagnsliðir

Samkvæmt fjárhagsáætlun 2020 verður niðurstaða af fjármagnsliðum það er fjármagnstekjur að frádregnum fjármagnsgjöldum neikvæð um 2,5 milljónir króna samanborið við neikvæða niðurstöðu í áætlun fyrir árið 2019 sem nam 4 milljónum króna. Niðurstaða ársins 2018 var neikvæð sem nam 5,7 milljónum króna.




Mynd 2. Hlutfallsleg skipting útgjalda milli málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir 2020.

31 Eignasjóður

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir jákvæðri afkomu sem nemur 32,5 milljónum króna. Í áætlun 2019 var reiknað með jákvæðri afkomu að upphæð 13,8 milljónum króna. Afkoman árið 2018 var jákvæð um 36,9 milljónir króna. Gert er ráð fyrir um 26,6 milljónum króna til viðhalds.

33 Þjónustustöð

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir að útgjöld vegna þjónustustöðvar umfram tekjur verði um 4,9 milljónir króna. Í áætlun fyrir árið 2019 var reiknað með að útgjöld umfram tekjur næmu 4,9 milljón króna. Árið 2018 námu útgjöld vegna þjónustumiðstöðvarinnar tæpum 22,5 milljónum króna. Áætlunin fyrir þjónustustöð er í samræmi við ramma fjárhagsáætlunar.



Mynd 3. Þróun tekna hafnarsjóðs milli ára.

41 Hafnarsjóður

Í fjárhagsáætlun hafnarsjóðs fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir að tekjur af hafnargjöldum og seldri þjónustu nemi 217,1 milljónum króna. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 var reiknað með að þær næmu 202,1 milljónum króna. Á árinu 2018 voru tekjur hafnarsjóðs af almennum hafnargjöldum og þjónustugjöldum 225,5 milljónir króna. Tekjur hafnarsjóðs eru háðar nokkurri óvissu. Undanfarin ár hafa verið nokkuð hagstæð einkum vegna magns landaðs uppsjávarafla og bolfiskafla. Ekki er gert er ráð fyrir löndun loðnu á næsta ári. Skemmtiferðaskipakomur og umsvif flutninga hjá Norröna verða líklegast með svipuðum hætti. Gert er ráð fyrir jákvæðri afkomu hafnarsjóðs árið 2020 sem nemur 48 milljónum króna samanborið við 35,3 milljónir króna í áætlun fyrir árið 2019. Gert er ráð fyrir að fjármagnsgjöld nemi 16 milljónum króna samanborið við 18,8 milljónir króna í áætlun fyrir árið 2019. Árið 2018 var afkoma hafnarsjóðs jákvæð sem nam 68,4 milljónum króna. Miðað er við að áfram verði unnið markvisst að markaðssetningu hafnarinnar.

43 Vatnsveita

Í áætlun fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir að rekstur vatnsveitunnar skili jákvæðri niðurstöðu sem nemur 9,6 milljón króna eftir fjármagnsliði. Í áætlun fyrir 2019 var gert ráð fyrir að jákvæð niðurstaða yrði 7,3 milljónir króna. Niðurstaða rekstrar eftir fjármagnsliði árið 2018 var jákvæð um 14,6 milljónir króna.

55 Leigueignir

Reiknað er með að útgjöld vegna leigueigna árið 2020 verði um 18,2 milljónir króna eftir fjármagnsliði sem nema 1,4 milljónum króna. Það er sambærilegt við fjárhagsáætlun 2019. Rekstrarniðurstaða ársins 2018 var neikvæð sem nam 0,1 milljónum króna.

57 Félagslegar íbúðir

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir að jákvæð niðurstaða verði af rekstri félagslegra íbúða sem nemur 2,1 milljónum króna. Í áætlun fyrir árið 2019 var gert ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð sem næmi 0,1 milljón króna. Neikvæð afkoma varð af rekstrinum 2018 að upphæð 8,2 milljónum króna.

61 Fráveita

Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir að rekstur fráveitunnar verði jákvæður um 7,1 milljónir króna. Í áætlun ársins 2019 var gert ráð fyrir að jákvæð niðurstaða næmi 4,8 milljónum króna. Rekstrarniðurstaðan 2018 var neikvæð sem nam 2,5 milljónum króna.



Eignasjóður

Gerð er tillaga um framlag um fjárfestingar í eignasjóði að upphæð 129,5 milljónir króna. Miðað er við að ráðstafa stærstum hluta þeirra fjármuna til fótboltavallar, Seyðisfjarðarskóla, Sundhallar svo og til Herðubreiðar. Einnig er gert ráð fyrir framlagi til byggingar íbúðakjarna fyrir 55+ í samvinnu við Íbúalánasjóð. Er hér um að ræða verkefnið “*Tilraunasveitarfélagið Seyðisfjörður*” í samstarfi við Félagsmálaráðuneytið og Íbúalánasjóð. Gert er ráð fyrir því að selja fasteignir í eigu bæjarsjóðs sem gefur svigrúm til frekari fjárfestinga eins og hér er lýst.

Framkvæmdir og fjárfestingar 2020

A Hluti	
Eignasjóður alls:	129.500.000
Sundhöll	19.800.000
Götur og gangstéttir , Leirub. og Baugsvegur	9.700.000
Herðubreið	20.000.000
Grunnskóli – færanleg kennslustofa	25.000.000
Garðarsvöllur	35.000.000
Íbúakjarni fyrir 55+	17.000.000
Ísland ljóstengt	3.000.000

B Hluti	
Vatnsveita alls:	10.000.000
Fráveita alls:	10.000.000
Félagslegar íbúðir alls:	20.000.000
Hafnarsjóður alls:	40.000.000
Fenderar með uppsetningu	10.000.000
Angró	6.000.000
Lagfæringar á jósum á höfninni	1.000.000
Pollí á smábátahöfn	3.000.000
Sjóvarnir við Sæból	12.000.000
Aðgangs- og öryggismál við Ferjuhús	6.000.000
Landtenging Norrænu – undirbúningur	2.000.000

Hafnarsjóður


Hafnarmálaráð gerir tillögu um að fjárfestingar í hafnarsjóði nem 40 milljónum króna. Helst er að nefna endurbætur á hafnarmannvirkjum og hafnarsvæði sem munu nema um 21 milljóna króna, að sjö milljónum verði varið til endurbóta á Angró og 12 milljónum til sjóvarna við Sæból. Gert er ráð fyrir endurgreiðslu varðandi sjóvarnir úr hafnabótasjóði, þó ekki fyrr en 2022. Einnig er gert ráð fyrir fenderum á Strandarbakka og polla á smábátahöfn.

Vatnsveita

Þörf er fyrir að undirbúa endurnýjun stofnlagnar dreifikerfis frá vatnshreinsistöð og þörf á að taka áætlanagerð til skoðunar í tengslum við þriggja ára áætlun þó svigrúm sé takmarkað.

Fjármögnun

Af hálfu bæjarráðs og hafnarmálaráðs er fylgt þeirri stefnu í framlagðri tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 - 2023 að miða við að framkvæmdir verði fjármagnaðar af handbæru fé og lánsfé. Lántökum verði þó stillt í hóf svo skuldaviðmiðunarhlutfall sveitarfélagsins haldi áfram að lækka.



Mynd 4. Skuldaviðmiðunarhlutfallið er reiknað út í samræmi við reglugerð nr. 458/2018 um breytingu á reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012. Skuldaviðmiðunarhlutfall ársins 2018 hefur verið enduruppreiknað í samræmi við reglugerðina.

Þriggja ára áætlun

Viðhaldsþörf er víða mjög aðkallandi í kaupstaðnum og nokkrar nýframkvæmdir eru í farvatninu. Í þriggja ára áætlun fyrir árin 2021-2023 eru eftirtalin fjárfestingaverkefni: Þau verkefni sem verða sett í forgang í A-hluta eru Seyðisfjarðarskóli, Sundhöllin, félagsheimilið Herðubreið, götur og gangstéttir. Áhersla verður lögð á að bæta húsnæðisaðstöðu Seyðisfjarðarskóla annaðhvort með nýbyggingu eða viðbyggingum við núverandi húsnæði, áætlaður kostnaður er að lágmarki um kr. 600 milljónir. Varðandi hafnarsjóð þá eru nokkur brýn verkefni í farvatninu, helst ber að nefna verkefni sem nú þegar hafa verið sett fram í fimm ára Samgönguáætlun fyrir 2020 – 2024.: Úr hafnarbótasjóði er áætluð fjárveiting vegna Angróbryggju kr. 75 millj. árin 2022 og 2023. Heildarkostnaður er áætlaður kr. 124 milljónir. Fjárveitingar úr hafnarbótasjóði nema 75% af heildarkostnaði verkefna til endurbóta á viðleguköntum. Strandarbakka þarf að lengja upp í 300mtr, bundnar eru vonir við að hafnarbótasjóður samþykki að það fjárframlag sem áætlað er til endurnýjunar á stálþili Bjólfsbakka að upphæð kr. 444 millj verði fært yfir á verkefnið „lenging Strandarbakka“. Þá eru áætlaðar fjárveitingar úr hafnarbótasjóði vegna sjóvarna við Sæból kr. 11,9 milljónir árið 2022, Vestdalseyri kr. 5,6 milljónir árið 2022 og við Austurveg kr. 21,4 milljónir árið 2023. Heildarkostnaður sjóvarna verkefnanna eru kr. 44,4 milljónir, heildarframlag hafnarbótasjóðs eru kr. 38,9 milljónir svo sveitarfélagið þarf að gera ráð fyrir að leggja fram a.m.k. 5,5 milljónir. Þar fyrir utan hefur hafnarsjóður skuldbundið sig til að taka þátt í verkefninu „Landtenging Norrænu“

ásamt Eflu og Smyrill-line, áætlaður kostnaður við verkefnið er um kr. 50 milljónir og hlutur Seyðisfjarðarhafnar er um kr. 16 milljónir, en mögulega kemur fjárveiting frá ríkinu til með að dekkja þann kostnað að stórum hluta. Þá eru önnur minni verkefni á dagskrá eins og bætt aðgengi við ferjuhúsið en unnið er að hönnun og kostnaðarmati vegna framkvæmda, stormpolla þarf að setja upp á Strandarbakka en áætlaður kostnaður við hann er um kr. 35 milljónir. Utanhúss endurbætur á bryggjuhúsinu Angró (1881) í eigu hafnarsjóðs er á þriggja ára áætlun. Kostnaðaráætlun fyrir ákveðna verkhluta endurbótanna liggur fyrir og hljóðar uppá kr. 26,5 milljónir. Gert er ráð fyrir því að kostnaðurinn skiptist jafnt á milli Minjastofnunar og hafnarsjóðs. Reiknað er með að kostnaður við endurgerð hússins í held verði ívið meiri þegar allt er tiltekið. Seyðisfjarðarkaupstaður hefur unnið að verkefninu Verndarsvæði í byggð um nokkurra ára skeið, er það afar mikilvægur þáttur í verndun hins einstaka húsaarfs sem kaupstaðurinn er hvað þekktastur fyrir. Kostnaðaráætlun vegna verkefnisins hljóðar upp á 12 milljónir og sótt hefur verið um styrk frá Minjastofnun. Mikilvægt er að klára það verkefni en það er grunnur að áframhaldandi verndun hins einstaka húsaarfs.

10 ára áætlun

Samkvæmt áætlun um hvernig viðmiðum 2. tl. 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga var viðmiðinu náð í árslok 2014. Rétt er þó að vekja athygli á neikvæðum áhrifum hækkunar líffeyriskuldbindinga á viðmiðið. Til glöggvunar er lagatílvísunin klippt hér inn skáletruð. „2. heildarskuldir og kuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu ekki hærrí en nemur 150% af reglulegum tekjum.“

Forstöðumönnum og starfsmönnum er þakkað fyrir gott samstarf við vinnslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020. Fulltrúum í bæjarráði, hafnarmálaráði og nefndum þakka ég fyrir gott samstarf við gerð hennar. Sigurði Álfgeiri Sigurðarsyni ráðgjafa frá Deloitte sem ráðinn var til þess að vinna með bæjarstjórn að fjárhagsáætluninni, þakka ég fyrir góða verkstjórn og góða vinnu við verkið. Fjárhagsáætlun og gjaldskrár fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, stofnanir, fyrirtæki og sjóði hans fyrir árið 2020 ásamt þriggja ára áætlun fyrir árin 2021 til 2023 og 10 ára áætlun eru hér með lagðar fram og leggur bæjarstjóri til að þær verði samþykktar.

11. desember 2019

Aðalheiður Borgþórsdóttir

Bæjarstjóri Seyðisfjarðarkaupstaðar